

Ed.

636. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 getur gefið út (þingskjal 464).

Með bráðabirgðalögum nr. 59, 30 nóvember 1914 var ráðherra heimilað að veita Íslandsbanka, til loka septembermánaðar 1915, rjett til að auka seðlaupphæð þá, sem bankinn samkvæmt 4. gr. laga 10. nóvember 1905 mátti gefa út, úr 2^{1/2} miljón upp í 3 miljónir króna og lagði stjórnin bráðabirgðalög þessi fyrir háttvirta neðri deild. Við meðferð málsins í neðri deild kom í ljós, þrátt fyrir allmikinn ágreining um ýms aukaatriði málsins, það einhuga álit deildarmanna að brýn þörf sje á að framlengja þessa heimild, að minsta kosti þar til Norðurálfustyrjöldinni er lokið. Urðu úrslit málsins þau, að deildin samþykki frumvarpið á þingskjali 464, en samkvæmt því má veita Íslandsbanka, til 1 desember 1917, rjett til að auka seðlafúlgu bankans, upp í 3^{1/2} miljón króna.

Vjer, sem háttv. deild hefir kosið til að ihuga frumvarp þetta, höfum nú rætt og athugað málið eftir fongum. Erum vjer sammála um, að ástand það sem leitt hefir og leiðir enn af Norðurálfustyrjöldinni, geri það nauðsynlegt að auka seðlaútgáfurjett Íslandsbanka meðan styrjöldin stendur, og hin mikla dýrtið og hið geysiháa verð á öllum framleiðsluvörum helst.

Að öðru leyti eru skoðanir nefndarmanna allsundurleitar. Litur meiri hluti nefndarinnar svo á að ekki muni ráðlegt að hafa seðlaaukninguna minni en 1 miljón króna, eins og í frumvarpinu er ákveðið. Minni hlutinn hyggur aftur á móti að nægilegt myndi vera að auka seðlafúlguna um 500 eða 700 þúsund kr. Þá telja sumir nefndarmennirnir mjög æskilegt að rikari skorður væru reistar, en gert er í frumvarpinu, gegn því að bankinn noti þennan rjett til aukinnar seðlaútgáfu, nema brýn nauðsyn krefjist, annaðhvort með auknu afgjaldi til landsjóðs eða með öðrum tryggingarákvæðum.

Loks vilja 2 af nefndarmönnunum láta þess getið, að 3. liður 1. gr. frumvarpsins eigi í raun og veru ekki heima í því, þar eð slík viðskifti milli banka sjeu að sjálfsögðu að eins samningsmál milli bankastjórnanna. En þó vilja þeir ekki gera ágreining um þetta efni, þar eð um það mun hafa verið samið, milli bankastjórnanna, áður en frumvarpið var atgreitt í neðri deild.

En þrátt fyrir þessar mismunandi skoðanir höfum vjer þó, að athugudum öllum málavöxtum og með sjerstöku tilliti til meðferðar málsins í neðri

deild, orðið á eitt sáttir um að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 28. ágúst 1915.

Kristinn Danielsson,
form.
Með fyrirvara.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsm.

Jón Þorkelsson.

Hákon J. Kristófersson.

Karl Finnbogason.